




## JÓLAPÓSTUR JÓLASVEINANNA

Hó! hó! hó!

Að venju munu jólasveinarnir fara um sveitina og safna innansveitar jólapósti fyrir jólin. Þeir hafa reyndar smá áhyggjur af þróun jólakortamenningarinnar síðustu árin. Þeir hvetja alla til að taka upp pennann og senda vinum og ættingjum góðar kveðjur á jólum. Þeir ætla líka að sprella og vera skemmtilegir með von um að fá einhvern smá styrk í sjóðinn sinn því ekki geta svona gamlir jólasveinar hugsað sér að hætta þessum gamla og góða jólasíð að hitta ykkur fyrir jólin.

Farið verður föstudaginn **20. desember** eftir kl. 17:00, sendingarkostnaður er 150 kr. fyrir kortið og 300 kr. fyrir pakka. Þeir fá svo aðstoð við að keyra póstinn aftur út og setja í póstkassana í sveitinni og lúgur í þéttbýlinu.

Þeir sem ekki verða heima þegar þeir félagar verða á ferðinni en vilja nýta sér þjónustu þeirra geta haft samband við umboðsmann jólasveinanna, Bryndísi Hafþórs, í skilaboðum á facebook eða í síma 868-3922.



## FLUGELDASALA OG ÁRAMÓTABRENNA



Björgunarsveitin Týr vill minna á að við verðum að selja flugelda eins og fyrri ár. Opnunartími verður með styttra móti í ár eða:

30. desember kl. 16:00-20:00 og

31. desember kl. 10:00-15:00.

Áramótabrenna og flugeldasýning verður á sínum stað hjá vitanum kl. 20:30.



---

### NÆSTU RUSLADAGAR

19. desember - Gráa / brúna tuman

27. desember - Græna tuman

---

*Gleðileg jól og  
farsælt komandi ár*